

Fundur í stjórn Samherja

11. feb 2014

Mættir: Valgerður Jónsdóttir, Jonas Björk, Brynhildur Bjarnadóttir og Sigurður Eiríksson.

Undirbúningur Aðalfundar:

Gjaldkeri gerði grein fyrir stöðu fjármála og verður til með ársreikning fyrir aðalfund. Innheimtu æfingagjalda fyrir árið 2013 er lokið og gekk hún vel. Stjórn verður til með ársskýrslu fyrir aðalfund. Mikilvægt að skráningu á öllum iðkendum inní forritið Felix verði lokið fyrir apríl-lok. Ákveðið að halda aðalfund 4. mars næstkomandi.

Borðtennisborð:

Samþykkt að kaupa 2 ný borðtennisborð. Áætlaður kostnaður er um 300.000 kr.

Samherjarstyrkur:

Ákveðið að nota Samherjastyrkinn (300.000 kr) til að greiða niður gjöld í kringum eina keppnisferð í hverri grein. Badmintonhópurinn hefur þegar nýtt sér sinn rétt og borgaði félagið slíka ferð (rúta, gisting og keppnisgjöld) fyrir hópinn á mót á Þorlákshöfn þann 8. feb. s.l. Aðrar greinar (sund, frjálsar, fótbolti/boltatími og borðtennis) eiga rétt á því sama.

Önnur mál:

Almennt rætt um starfið og einstakar greinar innan þess.